

Ár 1989, miðvikudaginn 5. júlí, var í mállnu nr. 5/1989 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

### Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 10. apríl 1989 kærði Ingimundur Magnússon fyrir hönd Fasteigna ríkissjóðs, Laugavegi 118, Reykjavík til Yfirfasteignamatsnefndar synjun. Reykjavíkurborgar á að fella niður fasteignaskatt fyrir árið 1989 af fasteigninni Lindargata 7 í Reykjavík með tilvísun til 5. gr. laga nr. 73/1980.

Kærandi rökstuddi sjónarmið sitt í kærinni efnislega þannig:

Að ágreiningslaust sé, að Þjóðleikhúsbyggingin sjálf sé undanþegin greiðslu fasteignaskatts skv. skýrum ákvæðum 5. gr. laga nr. 73/1980. Það sama eigi að gilda fyrir Lindargötu 7, sem ekki sé rekin í ágóðaskyni. Vegna þrengsla í aðalbyggingu Þjóðleikhússins hafi orðið að flytja eftirgreinda starfsemi þess að Lindargötu 7:

Á 2. hæð að Lindargötu 7: skrifstofur þjóðleikhússtjóra, fjármálafulltrúa og ritara. Á 1. hæð og kjallara að Lindargötu 7: tvo æfinga- og sýningasali, búningsherbergi, sturtur ofl. Ennfremur starfsemi "Litlasviðs" Þjóðleikhússins og að hluta starfsemi Listdansskóla Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins. Engin starfsemi óviðkomandi Þjóðleikhúsinu fari fram í húsinu.

Reykjavíkurborg hefur sent Yfirfasteignamatsnefnd greinargerð í máli þessu. Þar er því mótmælt, að Lindargata 7 í Reykjavík sé undanþegin fasteignaskatti skv. 5. gr. laga nr. 73/1980 vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

Um stöðu, starf og fjármál Þjóðleikhússins gilda sérstök lög nr. 58/1978, svo og reglugerð nr. 549/1982.

Ágreiningslaust er með aðilum þessa máls, að Þjóðleikhúsbyggingin sjálf sé undanþegin fasteignaskatti skv. 5. gr. laga nr. 73/1980. Húseignin falli undir skilgreininguna, samkomuhús, sem ekki sé rekið í ágóðaskyni.

Sú starfsemi, sem nú er rekin að Lindargötu 7, fór áður fram í Þjóðleikhúsbyggingunni, og var þá ekki talin ástæða til álagningar fasteignaskatts hennar vegna. Starfsemin að Lindargötu 7 er ýmist sams konar og fer fram í Þjóðleikhúsbyggingunni ( leiksýningar, listdans,

búningsaðstaða) eða svo nán henni, að ekki verður í sundur greint (skrifstofuhald, baðaðstaða).


Ástæðan til þess, að hluti af starfsemi Þjóðleikhússins er að Lindargötu 7 er, að Þjóðleikhúsbyggingin er orðin of lítil fyrir verulega aukin umsvif leikhússins. Ríkissjóður á bæði húsin. Rekstur Þjóðleikhússins, og þar með starfseminnar að Lindargötu 7, er í raun á fjárhagslegri ábyrgð ríkissjóðs, þótt hann sé undir sérstakri stjórn Þjóðleikhúsráðs og fái ákveðin fjárframlög á fjárlögum hvers árs (A-hluta).


Með hliðsjón af framansögðu er það álit Yfirfasteignamatsnefndar, að fasteignin Lindargata 7 í Reykjavík njóti undanþágu frá fasteignaskatti til Reykjavíkurborgar, á meðan framangreind starfsemi fer þar fram, sbr. 5. gr. laga nr. 73/1980 og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972.

#### Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Fasteignin Lindargata 7 í Reykjavík er undanþegin greiðslu fasteignaskatts.

  
Pétur Stefánsson

  
Arni Stefánsson

  
Guðmundur Magnússon